

Starfsmannastefna Vinnslustöðvarinnar hf.

Meginstarfsemi Vinnslustöðvarinnar (VSV) er öflun, framleiðsla og sala sjávarafurða. VSV á langa sögu að baki og hefur alla tíð verið þekkt fyrir áreiðanleika og fyrsta flokks afurðir. Félagið leggur því ríka áherslu á að hlusta á kröfur kaupenda og reyna að uppfylla þær á sem bestan hátt. Til að ná þeim markmiðum þarf félagið að ráða yfir hæfu, áhugasömu og vel þjálfuðu starfsfólki sem axlar ábyrgð, sýnir frumkvæði í starfi og tekur virkan þátt í þróun fyrirtækisins. VSV vill vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsmenn sýna hver öðrum virðingu svo hver og einn geti vaxið og dafnað í starfi.

Við lögum okkur að breyttum kröfum, sem starfið gerir til okkar, svo sem vegna tæknilegrar og faglegrar þróunar og erum reiðubúin að þjálfa okkur til nýrra og breyttra verkefna.

Hjá fyrirtækinu er lögð áhersla á að:

- starfsmenn þekki hlutverk Vinnslustöðvarinnar.
- markviss og vönduð vinnubrögð séu viðhöfð og starfsmenn sýni frumkvæði í starfi.
- starfsfólk njóti góðs aðbúnaðar og samkeppnishæfra launakjara.
- starfsumhverfið sé hvetjandi og í skýru og virku skipulagi.
- fyrirtækið sé eftirsóknarverður vinnustaður.
- hæfni ráði vali á starfsmönnum og að starfsfólk sé metið að verðleikum.
- allir séu jafnir óháð kyni, aldri, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum, þjóðerni, litarhætti og stöðu að öðru leyti.

Auk starfsmannastefnu Vinnslustöðvarinnar er fyrirtækið bundið af lögum og kjarasamningum.

1. GILDIN

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar eru að hafa virðingu, sjálfbærni og velferð að leiðarljósi í störfum sínum.

2. RÁÐNINGAR OG STARFSLOK

- Við ráðum til starfa hæfa og metnaðarfulla einstaklinga sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni í síbreytilegu umhverfi.

- Við stöndum faglega að ráðningum í samræmi við jafnréttisstefnu og hæfnikröfur starfa.
- Miðað er við að við 70 ára aldur láti starfsmaður af störfum hjá fyrirtækinu. Þegar um starfslok vegna aldurs er að ræða er leitast við að finna farsælar lausnir sem henta bæði starfsmanninum og fyrirtækinu.

3. STARFSANDI OG VELLÍÐAN STARFSFÓLKIS

- Mikilvægt er að stjórnendur virði starfsmenn sína og skoðanir þeirra og gefi þeim tækifæri til að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt.
- Við viljum stuðla að góðum starfsanda og sýna samstarfsmönnum og öðrum tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.
- Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni er ekki liðið.
- Vinnslustöðin vill stuðla að því að starfsemi fyrirtækisins og fjölskyldulíf starfsmanna fari eins vel saman og kostur er. Slíkt kann að kalla á gagnkvæman sveigjanleika sem byggist á nánú samstarfi og trúnaðarsambandi yfirmanns og undirmanns.
- Mikilvægt er að starfsmenn hugi vel að andlegri og líkamlegri velferð sinni. Í því ljósi eru þeir styrktir til íþróttaiðkunar.

4. MENNTUN OG STARFSÞRÓUN

- Starfsmönnum er tryggður jafn aðgangur að starfstengdri menntun og þjálfun eftir því sem tæk eru á og nauðsynlegt er til að takast á við sífellt fjölbreyttari og viðameiri verkefni.
- Við sýnum frumkvæði varðandi eigin símenntun og endurmenntun.
- Við miðlum þekkingu, sem við öðlumst við endurmenntun, til annarra starfsmanna fyrirtækisins með óformlegum eða formlegum hætti.
- Nýir starfsmenn fá nægilega þjálfun til þess að takast á við starfið og lögð er áhersla á að þeir geri sér fulla grein fyrir hlutverkum sínum.

5. ÖRYGGI OG VINNUVERND

- Fyrirtækið hefur sett sér stefnu í öryggis- og vinnuverndarmálum í samræmi við lög og reglugerðir. Öflugar forvarnir og jákvætt viðhorf til öryggismála er lykillinn að árangri í öryggis- og vinnuverndarmálum.
- Það er Vinnslustöðvarinnar að bera ábyrgð á að koma á skipulegu öryggis- og vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild en það er starfsmanna að gæta að eigin öryggi og huga að öryggi samstarfsmanna sinna.
- Vinnslustöðin er vímuefnalaus vinnustaður og reykingar eru takmarkaðar.
- Óheimilt er að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra vímuefna, sem og að vera undir áhrifum áfengis, lyfja eða annarra vímuefna sem hamla starfsgetu, þegar starfað er fyrir Vinnslustöðina eða á athafnasvæði fyrirtækisins.

- Í þágu öryggis og velferðar starfsfólks er mikilvægt að starfsfólk geti tekið réttar ákvarðanir í störfum sínum. Þess vegna þarf dómgreind starfsfólks að vera skýr og ávallt laus við áhrif áfengis, lyfja eða annarra vímuefna.
- Við göngum vel um húsnæði, tæki og aðrar eignir fyrirtækisins.
- Við viljum að starfsmenn séu snyrtilegir til fara og noti viðeigandi hlífðar- og öryggisfatnað eftir því sem við á.

6. JAFNRÉTTI

Megináherslur Vinnlustöðvarinnar í jafnréttismálum eru:

- að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
- að vera vinnustaður þar sem konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns eiga jafna möguleika til starfa, endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.
- að allir séu jafnir óháð aldri, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum, þjóðerni, litarhætti og stöðu að öðru leyti.

7. ENDURSKOÐUN

Framkvæmdaráð Vinnlustöðvarinnar hf. ber ábyrgð á reglum þessum.